



Bæjarstjórn Garðabæjar 6. (865)/2020

Boðað er til 6. (865). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 2. apríl 2020 kl. 17:00 Fjarfundur.

Dagskrá:

1. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar – síðari umræða
2. 2003030F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/3 '20.
3. 2003035F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/3 '20.
2003449 - Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir Garðabæjar.

2003450 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Breiðamýri. Gatna- og stígagerð og veitumannvirki.

2003451 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Eskiás. Gatnagerð og veitumannvirki.
4. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 17/2, 3/3, 13/3 og 23/3 '20.
5. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13/3 '20.
6. 2003480 - Fundargerð 22. eigendafundar Strætó bs. frá 25/3 '20.
7. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 11/3 '20.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
5. (864). fundur 2020

Fimmtudaginn 19. mars 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Forseti lagði til að samþykkt verði afbrigði frá dagskrá og tekin fyrir tillaga um fjarfundi sem verði dagskrárliður nr. 10. Bæjarstjórn samþykkir tillögu forseta.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 5. mars 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2003009F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/3 '20

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., útboð framkvæmda á skíðasvæðum og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég vil undirstrika áherslur okkar í Garðabæjarlistanum um mikilvægi þess að viðhafin séu gagnsæ vinnubrögð með góðri upplýsingagjöf og svigrúmi til sjálfsagðra spurninga og umræðu í bæjarráði sem og bæjarstjórn. Ennfremur óska ég eftir því að réttur okkar kjörinna fulltrúa sé virtur til þess að spyrja spurninga og virðing fyrir ólíkri sýn sé viðhafin í allri umræðu um verkefni og ákvarðanir bæjarstjórnar.“

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., útboð framkvæmda á skíðasvæðum og 6. tl., tilboð í lóðir á miðsvæði Álftaness.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti samning sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald grunnvatns- og rennslilíkans á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerðin sem er 13. tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2003024F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/3 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna og 16. tl., opnun tilboða í gatnagerð í Breiðumýri á miðsvæði Álftaness.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Björg Fengler, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju, 2., tl. Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna,

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag Garðahrauns efra og 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna, 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag Garðahrauns efra og 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 22. tl., bréf Myndstefs varðandi meint brot á sæmdarheiti höfundar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna,

Gunnar Einarsson, ræddi 22. tl., bréf Myndstefs varðandi meint brot á sæmdarheiti höfundar og 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., Covid19 – neyðarstig almannavarna.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir nýju samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um deiliskipulag fyrir fólkvanginn Garðahraun efra. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og samþykkir bæjarstjórn tillögur að svörum. Bæjarstjórn samþykkir tillögur skipulagsnefndar um eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu. Stikuð leið sem liggur til vesturs frá aðalstíg í miðjum fólkvangi sunnan við Hádegishól verði felld út. Gert verði ráð fyrir aðalstíg sem liggur með deiliskipulagsmörkum Molduhrauns frá fyrirhuguðum aðalstíg meðfram fyrirhugaðri stofnbraut (framlenging Álftanesvegur) að tengingu við aðalstíg í miðjum fólkvangi til móts við lóðina Vesturhraun 5. Deiliskipulagssvæði fólkvangsins stækki sem nemur breidd stígsins á kostnað deiliskipulagssvæðis Molduhrauns. Tenging frá aðalstíg í miðjum fólkvangi að Molduhrauni til móts við Vesturhraun 5 breytist úr stikaðri leið. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Tillaga skipulagsnefndar er lögð fyrir að nýju þar sem allar tilskildar umsagnir lágu ekki fyrir við afgreiðslu málsins í bæjarstjórn 5. september 2019.

Bæjarstjórn samþykkir að nýju samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og samþykkir bæjarstjórn tillögur að svörum. Bæjarstjórn samþykkir tillögur skipulagsnefndar um eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu. Stígur, skilgreindur sem "aðrir stígar" sem tillaga gerir ráð fyrir vestur frá aðalstíg í hrauninu að fyrirhugaðri stofnbraut (framlengingu Álftanesvegur) fyrir norðan Hádegishól verði felldur út. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Tillaga skipulagsnefndar er lögð fyrir að nýju þar sem allar tilskildar umsagnir lágu ekki fyrir við afgreiðslu málsins í bæjarstjórn 5. september 2019.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á einbýlishúsinu við Löngumýri 3. Fallið var frá grenndarkynningu samkvæmt heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem leyfisskyld framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar vegna stækkunar á byggingarreit lóðarinnar við Smiðsbúð 3. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bærust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breyting á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts er varðar lóðir við Mariúgötu 2-24, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að mænishæð allra raðhúsa í Mariúgötu sem liggja að opna svæðinu Miðgarði lækkar um 1 metra eða úr 6 metrum í 5 metra.

Skipulagsnefnd samþykkir samkvæmt heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda/lóðarhafa.

Fundargerðin sem er 22. tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2003006F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 6/3 '20.

Björg Fenger, ræddi 4. tl., endurbætur á gólfi og lýsingu í íþróttahúsinu á Álftanesi. Björg sagði einnig frá viðgerð við áhorfendabekki í Mýrinni.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., endurbætur á gólfi og lýsingu í íþróttahúsinu á Álftanesi og 6. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Björg Fenger, ræddi 6. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi ákvörðun KKÍ um að fella niður keppni á Íslandsmóti og tilnefna Stjórnuna sem deildarmeistara. Lýsti Sigurður yfir óánægju með að ekki hafi verið ákveðið að Stjarnan væri Íslandsmeistari 2020.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2003014F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 13/3 '20.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., rammahluta aðalskipulags fyrir Vífilsstaðaland og 2. tl., deiliskipulag fyrir norðurnes Álftaness.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2002039F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla Garðabæjar frá 2/3 '20.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., Covid19 neyðarstig. Sigríður Hulda færði skólastjórnendum og stafsmönnum á skólaskrifstofu þakkir fyrir þeirra störf á erfiðum tímum. Þá ræddi Sigríður Hulda 3. tl., kvíða skólabarna 5. tl., ráðningu skólastjóra og 6. tl., kynningu á skólastarfi Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2003012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/3 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., samning við Klappir um mælingar á umhverfistengdum verkefnum, 3. tl., skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum, 5. tl., styrk Rotaryklúbbsins Hofs til verkefnisins Aldingarður æskunnar og 6. tl., hreinsunarátak.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi áhrif Covid19 á sorphirðu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi áhrif Covid19 á sorphirðu.

Gunnar Einarsson, ræddi áhrif Covid19 á sorphirðu.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1911029F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 25/11 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., rekstrarstöðu 2019 og 2. tl., markaðsmál 2020.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., rekstrarstöðu 2019 og málefni Hönnunarsafnsins.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 2/3 og 6/3 '20.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

9. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019 - fyrri umræða

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2019. Gerði bæjarstjóri grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins og lykiltölum. Gunnar þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra hlut að góðum rekstri bæjarins.

Bæjarstjóri lagði til að vísa ársreikningnum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Til máls tóku.

Sara Dögg Svanhildardóttir.

Gunnar Valur Gíslason

Almar Guðmundsson

Bæjarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi Garðabæjar 2019 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

10. Tillaga um fjarfundi í bæjarstjórn og nefndum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

„Bæjarstjórn Garðabæjar gerir eftirfarandi samþykkt með vísan til VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020 og auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, (1. og 5. tl.) skv. sama ákvæði, dags. 18. mars 2020.

Auglýsing er birt með vísan til þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarstigi almannavarna á Íslandi vegna farsóttar af völdum Covid19.

Bæjarstjórn samþykkir að heimilað verði að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnlaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar þegar nefndir koma að nýja saman samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Samþykkt þessi gildir til 18. júlí 2020, sbr. auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI: bráðbirgðaákvæðis sveitarstjórnlaga, nr. 138/2011.“

Til máls tóku.

Björg Fenger.
Áslaug Hulda Jónsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 19. mars 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Valborg Ösp Á Warén, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
12. (1921). fundur 2020

Þriðjudaginn 24. mars 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID19 neyðarstig almannavarna.

Á fjarfundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-4 sátu Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og Vala Dröfn Hauksdóttir, deildarstjóri tölvudeildar.

Bæjarstjóri kynnti reglur um hertar takmarkanir á samkomubanni sem gera ráð fyrir að viðburðir þar sem fólk kemur saman verða takmarkaðir við 20 manns í stað 100 áður og að fjarlægð milli manna verði yfir tveimur metrum.

Þessi fyrirmæli hafa áhrif á þjónustu sveitarfélaga:

Öllum sundlaugum, íþróttamiðstöðvum, söfnum og bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu verður lokað frá þriðjudagsmorgninum 24. mars.

Skólar og leikskólar verða áfram opnir en þeir foreldrar eða forráðamenn sem af einhverjum ástæðum senda ekki börnin sín í skólann þurfa að tilkynna það til skólans líkt og um skólaleyfi sé að ræða.

Önnur þjónusta sveitarfélaganna mun áfram haldast órofin eins og kostur er.

Fyrirmæli þessi tóku gildi frá og með mánudeginum 23. mars kl. 24:00 og gilda þar til annað verður ákveðið.

Sviðstjórar gerðu grein fyrir aðgerðum og helstu áherslum sem verið er að vinna að varðandi starfsemi sem fellur undir þeirra svið. Upplýsingastjóri gerði grein fyrir að unnið er að sameiginlegri upplýsingamiðlun til almennings í samráði við aðgerðastjórn almannavarna ásamt því sem áhersla er lögð á að koma gagnlegum skilaboðum á framfæri við íbúa á vef Garðabæjar.

Upplýst var að á bæjarskrifstofunum þar sem starfa fleiri en 20 manns hefur vinnustaðnum verið skipt upp í tvö aðgreind svæði og þá eru margir starfsmenn að vinna heima.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir vinnu fjármálastjóra á höfuðborgarsvæðinu við að meta áhrifa Covid19 á efnahag sveitarfélaganna. Fyrir liggja drög að sviðsmyndum með áætlun um áhrif á fjárhag Garðabæjar þar sem fram kemur samdráttur í tekjum og áætlun um aukin útgjöld hjá félagsþjónustu og annars kostnaður vegna Covid 19. Í undirbúningi er að vinna að tillögum að til að mæta tekjutapi með hugmyndum um hagræðingu og lækkun útgjalda.

2. 2003362 - Ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf.

Lagðar fram hugmyndir og ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf.

Um er að ræða þætti sem snúa að fasteignagjöldum og gjaldskrá, framkvæmdum, markaðsátak í ferðapjónustu og laga- og reglugerðarbreytingum varðandi skattheimtu.

3. 2003391 - Bréf SSH varðandi tillögur að fyrirkomulagi afsláttu af þjónustugjöldum leik-, grunnskóla og frístundaheimila, dags. 23.03.20.

Bæjarstjóri kynnti tillögu SSH um um fyrirkomulag afsláttu af þjónustugjöldum leik-, grunnskóla og frístundaheimila

Tillagan er svohljóðandi

„Í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla fellur niður eða skerðist vegna verkfalls, samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar.

- Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Ef foreldrar kjósa að nýta sér ekki þjónustu, t.a.m. með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn haldi börnum sínum heima ef kostur er á hið sama við.

- Ofangreint nær til þjónustugjalda leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

- Ákvörðunin er tímabundin og gildir til loka maí. Endurskoðun fer fram að teknu tilliti til aðstæðna og verður fyrirkomulagið auglýst að nýju eigi síðar en 15.maí n.k.“

Tillögunni fylgir nánari útfærsla og rökstuðningur.

Bæjarráð samþykkir tillöguna og felur bæjarstjóra að vinna að útfærslu hennar.

4. 2003352 - Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi fjarfundi.

Lagðar fram.

5. 1908481 - Miðhraun 24 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Smáragarði ehf., kt. 600269-2599, leyfi til að byggja verslunar-, skrifstofu- og lagerhúsnæði að Miðhrauni 24.

6. 2002127 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir Leiðarenda.

Lögð fram.

7. 2003318 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir starfsemi veitingahúss. (Flatey)

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

8. 2003302 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi breytingu á reglugerð um framkvæmdaleyfi í samráðsgátt, dags. 16.03.20.

Lögð fram og vísað til kynningar í skipulagsnefnd.

9. 2003346 - Bréf Alþingis varðandi tillögur um endurskoðun kosningalaga, dags. 19.03.20.

Lagt fram.

10. 2003177 - Ráðning sumarstarfsmanna 2020.

Lagðir fram kostnaðarútreikningar vegna umsókna um sumarstörf ungmenna 2020.

Bæjarráð samþykkir að ráða til sumarstarfa alla þá sem sóttu um starf í umsóknarfresti. Umsóknir sem borist hafa eftir að umsóknarfresti lauk skulu skráðar á biðlista. Bæjarráð leggur til að fyrirvari verði gerður varðandi fjölda vinnuvikna frá því sem fram kom í auglýsingu um sumarstörf. Bæjarráð felur bærarstjóra að undirbúa gerð viðauka vegna kostnaðarauka við sumarstörf ungmenna.

11. 1912183 - Bréf Íslensku lögfræðistofunnar f.h. umbj. varðandi kröfu um innlausn lóðar og skaðabætur, dags. 06.03.20.

Bæjarráð felur bærarstjóra að ræða við bréfitara.

12. 2003322 - Bréf EBÍ varðandi umsókn í styrktarsjóð, dags. 16.03.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til fræðslu- og menningarsviðs.

13. 2003340 - Bréf Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 18.03.20.

Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbsi Kópavogs og Garðabæjar styrk að fjárhæð kr. 9.259.509 til greiðslu fasteignagjalda árið 2020.

14. 2003255 - Erindi Kópavogsbæjar varðandi breytingu á aðalskipulagi - Fannborgarreitur - Traðarreitur-vestur, dags. 13.03.20.

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

15. 2003351 - Erindi JMJ varðandi takmörkun á skólahaldi, dags. 19.03.20.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs fór yfir þær reglur sem gilda um starfsemi leikskólanna. Leikskólabörnum hefur verið skipt upp í tvo hópa sem mæta annan hvorn dag og er það gert til að koma á móts við ákvæði í auglýsingu heilbrigðisráðherra um að börn séu í sem minnstu hópum og aðskilin eins og kostur er. Sviðsstjóri upplýsti að unnið væri að úrvinnslu umsókna samkvæmt forgangslista almannavarna.

Bæjarráð felur bærarstjóra að svara bréfitara.

16. 2003349 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið 2019, dags. 19.03.20.

Lögð fram og vísað til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

17. 1811027 - Tilboð í lóðir á miðsvæði Álftaness.

Tilboð voru lögð fram á fundi bæjarráðs 10. mars 2020.

Bærarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og sagði frá viðræðum við aðila

Bærarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

18. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2020 - stjórnarsýsluskoðun og skýrsla endurskoðenda um innra eftirlit.

Lögð fram stjórnarsýsluskoðun og skýrsla endurskoðenda um innra eftirlit.

19. 2003364 - Starfsmannamál

Sviðsstjóri fræðslu og menningarsviðs upplýsti að búið er að ráða Ólöfu Breiðfjörð í starf menningarfulltrúa Garðabæjar og Jóhann Skagfjörð Magnússon í starf skólastjóra Garðaskóla. Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir fjölda umsókna og ráðningarferlinu.

Þá upplýsti sviðsstjóri um vinnu við yfirferð umsókna um starf grunn- og tónlistarskólafulltrúa og sagði frá að staða skólastjóra Flataskóla hafi verið auglýst laus til umsóknar.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarráð kemur saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Bæjarráð Garðabæjar
13. (1922). fundur 2020

Þriðjudaginn 31. mars 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019 - viðbót vegna Covid 19.

Á fund bæjarráðs mættu Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi og Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri. Magnús gerði grein fyrir viðbótarskýringu nr. 21 í ársreikning er varðar atburð eftir lok reikningsskiladags. Þar er vakin athygli á óvissu vegna Covid19 en ljóst er að faraldurinn mun hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins m.a. vegna lægri skatttekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.

Ársreikningur Garðabæjar verður tekin til afgreiðslu við síðari umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 2. apríl 2020.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger, Sigurður Guðmundsson, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir, voru viðstaddir fundinn undir dagskrárliðum 1 - 4.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 - 4.

2. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019 - fyrirspurn Garðabæjarlistans.

Svar við fyrirspurn lagt fram.

Magnús Jónsson, endurskoðandi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

3. 2001444 - COVID19 - neyðarstig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein stöðu mála og samstarfi við almannavarnir vegna áhrifa Covid19 og sagði að neyðarstjórn Garðabæjar komi saman fundar þrisvar í viku.

Sviðsstjórar fóru yfir starfið á sínum sviðum. Upplýsingastjóri sagði frá upplýsingamiðlun til bæjarbúa um starfsemina, fyrirkomulag á innheimtu gjalda og hvatningu um að stunda hreyfingu og útivist.

4. 2003449 - Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir Garðabæjar.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að aðgerðaráætlun varðandi fyrstu viðbrögð Garðabæjar vegna áhrifa Covid19.

1. Leiðrétting á þjónustugjöldum vegna skerðingar á þjónustu

Bæjarráð hefur samþykkt tillögu um leiðréttingu á þjónustugjöldum í leik- og grunnskólum vegna skerðingar á þjónustu.

„Í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla fellur niður eða skerðist vegna verkfalls, samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar.

- Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Ef foreldrar kjósa að nýta sér ekki þjónustu, t.a.m. með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn haldi börnum sínum heima ef kostur er á hið sama við.

- Ofangreint nær til þjónustugjalda leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

- Ákvörðunin er tímabundin og gildir til loka maí. Endurskoðun fer fram að teknu tilliti til aðstæðna og verður fyrirkomulagið auglýst að nýju eigi síðar en 15.maí n.k.“

Unnið er að útfærslu málsins og mun leiðrétting koma til framkvæmda í byrjun apríl.

Árskort t.d. sundkort og bókasafnskort af skerðingum opnunartíma og gildistími framlengdur sem því nemur.

Við innheimtu gjalda verður markmiðið að veita sveigjanleika varðandi gjaldfresti í einstaka tilvikum með það að leiðarljósi við núverandi aðstæður að innheimtan sé sanngjörn.

2. Frestun á greiðslum fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði

Gjalddögum fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins er fjölgað til að létta mánaðarlega greiðslubyrði íbúa og atvinnulífs.

Eftirstöðvum ógjaldfallinna fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði verður dreift á mánuðina apríl/maí til desember og mun því gjalddagi fasteignagjalda í apríl (eindagi 15. maí) færast til 15 maí 2020 (eindagi 15. júní). Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahags aðstæðna sem nú ríkja.

Eigendur atvinnuhúsnæðis sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi geta sótt um frestun allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta og fasteignagjalda sem færast þá á fyrstu mánuði ársins 2021. Með verulegu tekjutapi er átt við að minnsta kosti 25% tekjufalli milli sömu mánaða á árunum 2019 og 2020.

Nánari útfærslur verða lagðar fyrir bæjarráð sveitarfélaganna.

3. Sviðsmyndir - fjárhagsleg áhrif - fyrstu viðbrögð

V -leið	2020	
a. Útvar	kr. -800.000.000	
b. Fasteignaskattur og gjöld kr.		
c. Fasteignagjöld atv.h. (40%)	kr. -123.000.000	
d. Jöfnunarsjóður	kr. -180.000.000	
e. Gjaldskrár	kr. -50.000.000	
f. Hagræðing	kr. 100.000.000	
g. Covid19 útgjöld	kr. -25.000.000	
h. Félagsþjónusta	kr. -190.000.000	
Samtals:	kr. -1.268.000.000	
U -leið	2020	2020-2021
a. Útvar	kr. -1.000.000.000	kr. -1.150.000.000
b. Fasteignaskattur og gjöld kr. kr.		
c. Fasteignagjöld atv.h frestun	kr. -123.000.000	
d. Jöfnunarsjóður	kr. -180.000.000	kr. -210.000.000
e. Gjaldskrár	kr. -50.000.000	kr. -50.000.000
f. Hagræðing	kr. 100.000.000	kr. 130.000.000
g. Covid19 útgjöld	kr. -25.000.000	kr. -25.000.000
h. Félagsþjónusta	kr. -240.000.000	kr. -300.000.000
Samtals:	kr. -1.518.000.000	kr. -1.605.000.000

Viðbrögð

a. Aukið aðhald í rekstri - sviðsstjórar leggi fram tillögur (Sjá lið 5)

b. Tryggjum lánalínu hjá Arion banka allt að 2,0 ma.

c. Kanna möguleika á frestun gjalddaga lána hjá lánstofnunum og ríkinu

d. Kanna möguleika á skammtímalán og langtímafjármögnun hjá LS

4. Framkvæmdir

- a. Búsetukjarni fyrir fatlað fólk kr. 200.000.000
- b. Fráveituframkvæmdir kr. 200.000.000
- c. Viðhaldsframkvæmd (rekstur) - flýtt kr. 50.000.000

Skoðaðir verði möguleikar á að flýta framkvæmdum sem rúmast innan samgöngusáttmálans.

5. Tillögur sviðstjóra til að mæta samdrætti og framkvæmd aðgerða samkvæmt tillögu HLH

Tillögur sviðsstjóra verða kynntar síðar.

Markmiðið er að ná fram hagræðingu í rekstri málaflokka að fjárhæð 100 - 200 mkr.

6. Sala lóða og eigna

- a. Sala lóðar við Garðahraun 1.
- b. Sala lóða á miðsvæði Álfтанess.
- c. Sala lóða á Hnoðraholt og í Vetrarmýri.
- d. Sala lóða við Eskiás.
- e. Sala eigna sem ekki tengjast grunnstöðum bæjarins.

7. Eflum samfélagið

a. *Velferð bæjarbúa - órofin þjónusta*

Lögð verður áhersla á velferð bæjarbúa, afkomu þeirra og að halda úti órofinni grunnþjónustu bæjarins. Myndað verði samvinnuteymi með heilsugæslunni og Hrafnistu, Ísafold til að miðla upplýsingum til bæjarbúa og sérstaklega til þeirra sem falla undir að tilheyra viðkvæmum hópum. Lögð verður áhersla á mjög virka upplýsingamiðlun til bæjarbúa í gegnum vef bæjarins um aðgerðir og þjónustu. Þá verður og leitað eftir ábendingum bæjarbúa um atriði sem snúa að aðbúnaði og velferð barna og ungmenna og heimilisofbeldi.

b. *Könnun á aðstæðum bæjarbúa*

Fjölskyldusvið og fræðslu- og menningarsviði verður falið að safna saman gögnum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum næstu mánuði til að leggja grunn að frekari tillögugerð í samráði við hagsmunaaðila. Stofnaður verður faghópur innan sveitarfélagsins og milli sveitarfélaganna með sérstakri áherslu á börn, ungmenni og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

c. *Nýsköpun og tækni*

Tækifæri verði nýtt til að auka nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu og óskað eftir samvinnu við félagsmálaráðuneytið. Jafnframt verði unnið með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að frekari eflingu skapandi greina í samstarfi við skóla bæjarins. Vinnu við verkefni í tengslum við stafræna framþróun verði flýtt og lögð áherslu á að nýttir verði möguleikar til að bæta þjónustu Garðabæjar með stafrænum lausnum.

d. *Leikskólar og grunnskólar*

Stofnaður hefur verið faghópur skólastjórnenda í leikskólum og í grunnskólum til að vinna að forgangsröðun verkefna, miðla á ábyrgan hátt upplýsingum til foreldra og styðja og vernda nemendur á erfiðum tímum.

e. *Íþróttir og menning*

Samstarf við íþróttafélögin verði aukið og viðspyrna í íþrótt- og menningarmálum eftir í samstarfi við félögin og ÍSÍ. Sveigjanleiki skal ríkja varðandi að flýta greiðslum til íþróttafélaga innan ársins samkvæmt gildandi samstarfssamningum. Gildandi samstarfssamningar verði teknir til endurskoðunar við gerð næstu fjárhagáætlunar

Garðabær sem heilsueflandi samfélag leggur áherslu á að göngustígar og útisvæði séu aðgengileg almennungi og app um gönguleiðir og útvistarmöguleika í Garðabæ kynnt.

f. *Málefni fatlaðs fólks*

Eflum fræðslu og upplýsingar til fatlaðs fólks og tryggjum tengsl með eftirliti á aðstæðum hvers og eins til að koma í veg fyrir einangrun og skorts á þjónustu. Hugum sérstaklega að þeim sem eiga heimili á sambýlum.

g. *Eldri borgarar*

Fjölskyldusvið safnar saman upplýsingum um aðstæður eldri borgara til að kanna tengsl við ættingja og tryggja að allir búi við þær aðstæður að fá mat. Starfsmenn í Jónshúsi taki að sér að skipuleggja útihringi spjall við eldri borgara sem búa einir.

h. *Sköpuð verði sumarstörf fyrir ungt fólk*

Unnið verði að því að tryggja fjölbreytt og gagnleg sumarstörf fyrir öll ungmenni í Garðabæ.

8. Uppbygging nýrra svæða

a. Urriðaholt

Áframhaldandi uppbygging í Urriðaholti. Allar lóðir í austurhluta Urriðaholts eru að verða byggingarhæfar og þá er verið að vinna að gerð deiliskipulags fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts

b. Miðsvæði Álftaness

Uppbygging er hafin á svæðinu með framkvæmdum við gatnagerð í Breiðumýri þar sem gert er ráð fyrir að byggja 252 íbúðir. Vinna við gatnahönnun á svæði við Þórukot og í Kumlamýri er hafin og má gera ráð fyrir að gatnagerð verði boðin út á árinu og lóðum úthlutað síðari hluta ársins eða í byrjun næsta árs.

c. Eskiás

Tilboð liggja fyrir í framkvæmdir við gatnagerð við Eskiás og má gera ráð fyrir að uppbygging á svæðinu hefjist í sumar. Við Eskiás er gert ráð fyrir 276 íbúðum og þar af 42 íbúðum á lóðum í eigu Garðabæjar.

d. Garðahverfi

Verið er að vinna að gerð lóðarskilmála fyrir lóðir í Garðahverfi og stefnt er að því að þar geti komið til auglýsingar á lóðum í sumar. Í 1. áfanga væri um að ræða um 10 lóðir.

e. Hesthúsabyggð við Kjóavelli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla hefur verið auglýst og í framhaldi af samþykkt hennar mun koma til úthlutunar hesthúsaloða og uppbyggingar á svæðinu.

Bæjarráð samþykkir tillögu að aðgerðaráætlun að fyrstu viðbrögðum Garðabæjar og vísar tillögunni til frekari úrvinnslu og framkvæmd bæjarstjóra.

Bæjarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að gjalddögum fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins er fjölgað til að létta mánaðarlega greiðslubyrði íbúa og atvinnulífs.

Eftirstöðvum ógjaldfallinna fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði verður dreift á mánuðina apríl/máí til desember og mun því gjalddagi fasteignagjalda í apríl (eindagi 15. maí) færast til 15 maí 2020 (eindagi 15. júní). Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahags aðstæðna sem nú ríkjá.

Eigendur atvinnuhúsnæðis sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi geta sótt um frestun allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta og fasteignagjalda sem færast þá á fyrstu mánuði ársins 2021. Með verulegu tekjutapi er átt við að minnsta kosti 25% tekjufalli milli sömu mánaða á árunum 2019 og 2020.

5. 2001242 - Hraungata 44 -Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Alexander Ágústi Ólafssyni, kt. 200493-2739, leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 44.

6. 2003091 - Hraungata 46 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Óla Ómarsyni, kt. 010392-2687, leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 46.

7. 1811027 - Tilboð í lóðir á miðsvæði Álftaness.

Tilboð voru lögð fram á fundi bæjarráðs 10. mars 2020.

Á fundinum var upplýst um tilkynningu sem barst í tölvupósti í gær frá Dverghömrum ehf., sem áttu hæsta tilboð í hverja einstaka lóð, að félagið væri fallið frá tilboðinu

Í ljósi þess samþykkir bæjarráð að hafna öllum tilboðum í lóðirnar, sbr. ákvæði 2. ml. 3. mgr. í gr. 3.4 í úthlutunar- og útboðsskilmálum fyrir sölu byggingarréttar á lóðum við Breiðumýri á Álftanesi.

Bæjarstjóra falið að ræða við Þingvang ehf. og Íslenskar fasteignir ehf. sem áttu f.h. óstofnaðs félags hæsta tilboð í allar þrjár lóðirnar.

8. 2003117 - Opnun tilboða í gatnagerð í Eskiási.

Eftirfarandi tilboð bárust við opnun tilboða.

Grafa og grjót ehf.	kr. 167.655.333	59,5%
Háfell ehf.	kr. 186.641.179	66,2%
Óskatak ehf.	kr. 199.257.220	70,7%
Ístak hf.	kr. 244.392.348	86,7%
Urð og grjót ehf.	kr. 166.765.583	59,1%
D. Ing - verk ehf.	kr. 247.713.357	87,8%
Jón og Margeir ehf.	kr. 204.970.000	72,7%
Dráttarbílar Vélaleiga ehf.	kr. 196.400.466	69,6%
Bjösssi ehf.	kr. 188.390.000	66,8%
Karína ehf.	kr. 203.222.360	72,1%
Berg verktakar ehf.	kr. 207.146.811	73,5%
PK verk ehf.	kr. 248.836.211	88,2%
Snókur Verktakar ehf.	kr. 198.061.293	70,2%
Kostnaðaráætlun	kr. 282.000.000	100,0%

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lögstjóranda, Urðar og grjóts ehf., með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufundar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

9. 2003450 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Breiðamýri. Gatna- og stígagerð og veitumannvirki.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita leyfi til framkvæmda fyrir gatna- og stígagerð ásamt lagningu veitumannvirkja Einnig er um að ræða leyfi til framkvæmda fyrir losun allt að 6.000 m³ af jarðvegi í Glerhalladýi sem er svæði á landnotkunarreit 1.07 íp í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2020.

Framkvæmdir í Breiðumýri eru í samræmi við deiliskipulagsáætlanir sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1235/2019.

10. 2003451 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Eskiás. Gatnagerð og veitumannvirki.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita leyfi til framkvæmda fyrir gatnagerð við Eskiás ásamt lagningu veitumannvirkja. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulagsáætlanir sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 889/2019.

11. 2003428 - Erindi Sambands íslenskra myndlistarmanna um tímabundna lækkun leigu, dags. 25.03.20.

Í bréfinu er farið fram á lækkun leigu tímabundið um 40%.

Bæjarráð felur bærarstjóra afgreiðslu málsins.

12. 2003376 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál., dags. 21.03.20.

Lagt fram.

13. 1905243 - Tilkynning Ríkiskaupa á niðurstöðum í útboði á raforkukaupum.

Lagðar fram niðurstöður úr útboði Ríkiskaupa á raforkukaupum.

Eftirfarandi tilboð bárust:

HS Orka	kr. 28.214.407
Orka náttúrunnar	kr. 28.029.647
Orkusalan	kr. 27.358.262
Íslensk orkumiðlun	kr. 28.214.407

Bæjarráð samþykkir að fara að tillögu Ríkiskaupa um að taka tilboði lægst bjóðanda og mun tilkynning um val tilboðs verða send bjóðendum í útboðskerfi Ríkiskaupa. Tilkynnt verður um töku tilboðs þegar biðtíma er lokið, ef engin kæra berst til kærunefndar útboðsmála. Við töku tilboða er komið á samningssamband milli kaupanda og seljanda.

14. 2003454 - Erindi Garðabæjarlistans um uppsafnaða fjárfestingarþörf, viðhaldsþörf og biðlista eftir félagslegu húsnæði, dags. 27.03.20.

Lagt fram neðangreint erindi Garðabæjarlistans

Garðabæjarlistinn kallar eftir minnisblaði með eftirfarandi upplýsingum

1. Mati á uppsafnaðari fjárfestingarþörf sveitarfélagsins í innviðum, félagslegu húsnæði, skólahúsnæði og íþróttahúsnæði.
2. Mati á uppsafnaðari viðhaldsþörf á eignum sveitarfélagsins.
3. Uppfærðan biðlista eftir félagslegu húsnæði ásamt upplýsingum um breytingu á biðlista á milli ára frá árinu 2018

Bæjarráð vísar málinu til bærarstjóra.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarráð kemur saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 17.02.2020, kl.10:30, á skrifstofu SSH, Hamraborg, Kópavogi.

421. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins voru Haraldur Flosi Tryggvason, Birgir Björn Sigurbjörnsson og Erik Tryggvi Bjarnason.

Tekið fyrir:

- 1. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar – framvinda**
Minnisblað frá Mannvit dags. 05.02.2020 lagt fram.
- 2. Stækkun móttökustöðvar og uppsetning tækjabúnaðar – framvinda**
Minnisblað frá Mannvit dags. 05.02.2020 lagt fram.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að skerpa á tíma og kostnaðaráætlunum vegna verksins og rýna samninga um hönnun, verkfræðiráðgjöf og eftirlit vegna GAJA og Móttökustöðvar. Auk þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framvindu verksins.
- 3. Staða samnings við RKÍ**
Framkvæmdastjóra er falið að ræða við RKÍ.
- 4. Erindi Kubbs hf. um endurvinnsluefni frá sveitarfélaginu Ölfus**
Lagt fram erindi Kubbs hf. þar sem óskað er eftir að SORPA taki við endurvinnsluefnum, pappírs- og plastefnum sem uppruna sinn eiga í sveitarfélaginu Ölfus. Stjórn heimilar að SORPA taki við þessum efnum miðað við gjaldskrá hverju sinni enda eru þetta efni til endurvinnslu en ekki til urðunar.
- 5. Svarbréf Kópavogs vegna lóðar fyrir endurvinnslustöð (lagt fram)**
- 6. Svarbréf Kópavogs vegna notkunar á metani (lagt fram)**
- 7. Áhættumat rekstraráætlunar - Innri endurskoðun (lagt fram)**
- 8. Kynning á jafnlaunavottun (frestað til næsta fundar)**
- 9. Kynning – könnun á viðhorfi íbúa í Leirvogstungu (frestað til næsta fundar)**
- 10. Skemmdir á endurvinnslustöðinni á Ánanaustum vegna óveðurs (frestað til næsta fundar)**
- 11. Niðurstöður húsorpsrannsóknar (frestað til næsta fundar)**
- 12. Næsti fundur ákveðinn.**
Bjarni Gnýr vikur af fundi kl. 11:49
Næsti fundur ákveðinn 3. mars kl. 11:30

Fundarhlé kl. 11:51
Fundu áfram haldið kl. 13:13
- 13. Tillaga um aðgerðir vegna sjóðstreymis.**
Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu með greinargerð.
Stjórn samþykkir að breyta fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2020 og auka lántökuheimildir SORPU bs. tímabundið til loka árs um 600 milljónir króna. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir fyrirgreiðslu til lánastofnana og afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum vegna þessa.

B77 JF
2020 05/10 Heli
bj.lyi



Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:54

Birgir Jon Jonsson
Jóna Sveinbjörnsdóttir

Ólafur Ólafsson

Björn Þorvaldur

Ólafur Björnsson

Kolbrunn G. Þorvaldsdóttir

Þorvaldur Þorvaldursson

Ólafur Ólafsson



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 03.03.2020, kl.11:30, á skrifstofu SORPA bs. Gylfaflöt 5

422. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestur fundarins var Birgir Björn Sigurbjörnsson.

Tekið fyrir:

- 1. Staða hagræðingarverkefnis**
Birgir Björn Sigurbjörnsson fer yfir valkosti varðandi viðbótarfjármögnun. Stjórn samþykkir tilboð Íslandsbanka í viðbótar yfirdráttarlán og veitir framkvæmdastjóra heimild til að undirrita samninga og lánaskjöl vegna þess.
- 2. Drög að ársreikningi 2019**
Skrifstofustjóri kynnir drög að ársreikningi 2019.
- 3. Staða samnings við RKÍ**
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna.
- 4. Kynning á jafnlaunavottun (málinu frestað)**
- 5. Kynning – könnun á viðhorfi íbúa í Leirvogstungu**
- 6. Yfirverkfræðingur fer yfir niðurstöður könnunar á viðhorfi íbúa í Leirvogstungu.**
- 7. Skemmdir á endurvinnslustöðinni Ánanaustum (málinu frestað)**
- 8. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar**
Yfirverkfræðingur fer yfir niðurstöður á húsasorpsrannsókn
- 9. Önnur mál**
Covid-19 viðbrögð og staða rædd.
- 10. Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn 13. mars kl. 16:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:03

Birkir Jón Jónsson
Jóna Sæmundsdóttir
Kolbrún Þorsteinsdóttir
Líf Magneudóttir
Helgi Ingason
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Bjarni Hjarðar
Bjarni Torfi Álfþórsson



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 13.03.2020, kl.15:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5 og í fjarfundi.

423. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins var Birgir Björn Sigurbjörnsson, Erik Bjarnason, Lovísa Finnbjörnsdóttir, Haraldur Flosi Tryggvason, Pétur Locton, Ingólfur Arnarson, Rósa Steingrímsdóttir, Gunnar Lúðvíksson og Halldóra Káradóttir.

Fjarverandi: Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir

Tekið fyrir:

1. Staða hagræðingarverkefnis

Birgir Björn og Erik kynna drög að líkani sem fjármálahópur er búinn að vera að útbúa. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu hagræðingarverkefnis.

2. Önnur mál

Engin önnur mál

3. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 23. mars kl. 16:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 16:06

Birkir Jón Jónsson Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 17:20
Líf Magneudóttir samþykkt. Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 14:50
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt bkv, Bjarni Torfi	Re: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 14:47
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	RE: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 13:52
Jóna Sæmundsdóttir Engar athugasemdir	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 13:39
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Engin athugasemd frá mér. Kær kveðja, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar	Re: Fundargerðir 423 og 424... mán. 23.3.2020 2...



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 23.03.2020, kl.15:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5 og í fjarfundi.

424. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason. Gestur undir lið 1 var Dr. Þröstur Guðmundsson vélaverkfræðingur. Gestur undir lið 3 var Birgir Björn Sigurbjörnsson.

Tekið fyrir:

1. Staða verkefnanna í Gufunesi og GAJA.
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu verkefna í móttökustöðinni Gufunesi og í GAJA Álfsnesi.
Dr. Þröstur Guðmundsson gefur álit sitt á stöðu verkefna í Álfsnesi og Móttökustöð. Málið rætt.
2. Staðan á tímum Covid-19, stutt yfirlit yfir aðgerðir og viðbragðsáætlanir SORPU.
Minnisblað lagt fram um yfirlit aðgerða og viðbragðsáætlanir SORPU.
3. Kynning á sviðsmyndum fjármálateymis vegna fjármála SORPU
Birgir Björn kynnir drög að sviðsmyndagreiningu sem fjármálahópur hefur unnið að síðustu vikur.
Málið rætt.
4. Kynning á tillögum stjórnenda SORPU til hagræðingar
Framkvæmdastjóri fer yfir drög að tillögum stjórnenda SORPU til hagræðingar. Málið rætt.
5. Næstu skref í hagræðingarátaki SORPU, áætlun um komandi fundi og kynningar
Framkvæmdastjóri ræðir um næstu skref og áætlaða tímalínu í vinnu næstu vikur.
6. Ársreikningur 2019 - örstutt kynning um stöðuna
Skrifstofustjóri fer yfir stöðuna á gerð ársreikningi 2019. Endurskoðendur eru að ljúka vinnu sinni og drög að endanlegri útgáfu að verða tilbúin til yfirferðar og samþykkis. Skv. tilkynningu frá ársreikningaskrá ríkisskattstjóra þarf að bæta inn í skýrslu stjórnar áhrif Covid-19 á afkomu og stöðu félagsins. Málið rætt.
7. Skemmdir á endurvinnslustöðinni á Ánanaustum í óveðri
Framkvæmdastjóri fer yfir þær skemmdir sem að orðið hafa í Ánanaustum sökum vonskuveðurs. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg verji lóðina. Minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðva lagt fram.
8. Jafnlaunavottun
Viðhaldsúttekt var þann 12. mars sl. Úttektin gekk vel. SORPA stendur sig vel í jafnlaunamálum. Niðurstöður launagreininga síðustu missera kynnt.
9. Önnur mál
Stjórn samþykkir að afgreiða fundargerðir með tölvupóstum á meðan að samkomubann varir.
10. Næsti fundur



Næsti fundur ákveðinn 30. mars kl. 13:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 17:48

Birkir Jón Jónsson Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 17:20
Líf Magneudóttir samþykkt. Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 14:50
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt bkv, Bjarni Torfi	Re: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 14:47
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	RE: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 13:52
Jóna Sæmundsdóttir Engar athugasemdir	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 13:39
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Engin athugasemd frá mér. Kær kveðja, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar	Re: Fundargerðir 423 og 424... mán. 23.3.2020 2...

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

318. fundur

Föstudaginn 13. mars 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 10:30.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI) sem mætti kl. 11:00

Björg Fenger var á fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Kynning á ferðavenjukönnun.
2. Ársreikningur 2019, Sturla Jónsson frá GrantThornton
3. Innri endurskoðunaráætlun, Sif Einarsdóttir frá Deloitte.
4. Markmið í öryggismálum.
5. Vinnustaðagreining.
6. Kjarasamingur við Sameyki.
7. Önnur mál.
 - a. Staðan á akstursþjónustu fatlaðs fólks.
 - b. Breytingar á lögum um vsk.

Tekið fyrir:

1. Kynning á ferðavenjukönnun 2019

Árni Freyr Stefánsson, sérfræðingur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kom á fundinn og kynnti niðurstöður síðustu ferðavenjukönnunar. Hlutdeild Strætó í ferðum sem farnar er á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað úr 4% í 5% frá síðustu könnun. Stjórn SSH var einnig boðið á kynninguna en boðið var upp á að tengja sig í gegnum fjarfundarbúnað.

2. Ársreikningur 2019

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2019.

Sturla Jónsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton, fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2019.

Sigrún Guðmundsdóttir, nefndarmaður endurskoðunarnefndar Strætó, kynnti umsögn nefndarinnar um ársreikning Strætó bs 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Jafnframt staðfesti endurskoðandi ársreikninginn fyrir sitt leyti með undirritun sinni.

3. Innri endurskoðun

Lagt fram erindisbréf og innri endurskoðunaráætlun fyrir árið 2020 ásamt bréfi frá endurskoðunarnefnd Strætó. Stjórn samþykkir framlagða endurskoðunaráætlun. Sif Einarsdóttir innri endurskoðandi og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd Strætó sátu fundinn undir þessum lið. Stjórn heimilar stjórnarformanni að undirrita erindisbréf vegna innri endurskoðunar.

4. Markmið í öryggismálum

Sigríður Harðadóttir mannauðs- og gæðastjóri Strætó kynnti stöðu og markmið Strætó varðandi öryggismál.

Undir þessum lið var farið yfir viðbrögð Strætó vegna Covid-19 veirunnar.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að takmarka tímabundið aðgang farþega inn um framdyr vagnanna til að draga úr líkum á smiti gagnvart vagnstjórum. Áfram þarf að borga fargjald í strætó.

Í framhaldinu mun reglulega vera farið yfir þróun tekna.

5. Kjarasamningur við Sameyki.

Kjarasamningur Sameykis við Strætó dagsettur 5. mars 2020 var lagður fyrir stjórn Strætó til samþykktar. Kjarasamningurinn byggir á forsendum lífskjarasamningsins sem gerður var á síðasta ári.

Stjórn samþykkir kjarasamninginn.

6. Önnur mál

- a) Staðan á akstursþjónustu við fatlað fólk. Verið er að leggja lokahönd á útboðsgögn. Búið er að undirrita þjónustulýsingu, þjónustureglur og samning Strætó við Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Jafnframt eru búið að skipa í stjórn akstursþjónustunnar.
- b) Fyrirhugaðar breytingar á lögum um vsk. Fyrirhugað er að afnema vsk undanþágu Strætó af aðkeyptum akstri vegna almenningssamgangna frá og með 1. janúar 2021. Verið er að meta áhrif þess á kostnað Strætó bæði vegna reksturs almenningssamgangna og akstursþjónustu við fatlað fólk. Framkvæmdastjóra falið að gæta hagsmuna félagsins í þessu máli.

Fundi slitið: kl. 13:08

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur Strætó bs. 2019.
- Kynning á ársreikningi 2019.
- Markmið í öryggismálum.
- Kjarasamningur við Sameyki.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
22. eigendafundar Strætó bs.
Fjarfundur
miðvikudaginn 25. mars 2020, kl. 14:30

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogs
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði
Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1) Breytingar á þjónustu vegna áhrifa Covid 19 á notkun Strætó

Formaður stjórnar Strætó bs. ásamt framkvæmdastjóra kynntu viðbrögð við minnkandi eftirspurn eftir almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu er tengist samgöngubanni vegna Covid 19 veirunnar. Áætlað er að farþegafjöldi hafi minnkað um 50% og hefur stjórn farið yfir viðbrögð við minnkandi eftirspurn og leggur fram tillögur til að bregðast við miklu tekjufalli. Helstu viðbrögð stjórnar eru að minnka tíðni og hætta næturakstri tímabundið, nýta úrræði ríkisstjórnarinnar um hlutastarfaleið sé það mögulegt, draga úr innkaupum og fresta fjárfestingum eins og hægt er. Þá verður greiðslufrestur á lánum skoðaður. Einnig var kynnt að unnið væri að því að búa til áætlun B sem í fælust enn frekari skerðingar á akstri ef grípa þyrfti til í framhaldinu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umræður

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að farið verði í þær aðgerðir sem stjórn Strætó bs. leggur til.

Formanni stjórnar SSH falið að ræða við félagsmálaráðherra varðandi aðgerðir til hlutastarfandi fólks hjá byggðasamlögum. Þá mun SSH styðja og vinna með stjórnendum að lausnum er málið varðar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 15:40.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 11. mars 2020.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Sigurgestur Gíslason, Andri Steinn Hilmarsson og Guðmundur Grétar Karlsson.

Þórður Ingi Bjarnason og Jóna Sæmundsdóttir boðuðu forföll.

Einnig sat fundinn Óskar Sævarsson og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi Krýsuvíkursamtaka

Lagt fram bréf Þórdísar Jóhannsdóttur Wathne framkvæmdarstjóra Meðferðarheimilisins í Krýsuvík/Krýsuvíkursamtakanna varðandi verkefnið Krýsuvíkurskóga. Verkefnið fellst í því að rækta skóg í nágrenni meðferðarheimilisins.

Stjórnin telur verkefnið jákvætt og væri upplagt að planta í lúpínubreiður í grenndinni og þá sérstaklega birki og víði og önnur lauftré. Nánara staðarval skal gera í samráði við Hafnarfjörð.

2. Búrfellsgjá

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 19. júlí 2019 um áform um að friðlýsa Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ.

Stjórnin fagnaði því að ferli friðlýsingar sé að ljúka og gerði ekki athugasemdir.

3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-25 og nýju deiliskipulagi fyrir Leiðarenda

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 5. feb. sl. varðandi ósk um umsögn um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Leiðarenda, helli í upplandi Hafnarfjarðar.

Stjórnin gerði ekki athugasemdir og telur að það sé mjög jákvætt að stefnt sé að því að bæta aðstæður við Leiðarenda og hvetur til að sem fyrst verði lagfærður vegarspotti sem er eftir.

4. Ársreikningur 2019

Lagður fram ársreikningur 2019.

Samþykkt

5. Skilti í fólkvangnum.

Landvörður fólkvangsins gerði grein fyrir þörf á lagfæringum og endurgerð á skiltum í fólkvangnum.

Gerð var prufa með að lagfæra skilti sem bæði var bogið og hafði orðið fyrir skothríð og einnig var endurgert eitt skilti.

Mögulega væri endurnýjun skilta verkefni sem sækja mætti fjármagni til úr Framkvæmdasjóði ferðamanna. Landvörður mun taka saman áætlun um endurnýjun.

6. Skýrsla landvarðar

Óskar Sævarsson landvörður fólkvangsins fór yfir skýrslu um starfið 2019.

Fundi slitið 17:45

Næsti fundur áætlaður 15. apríl.